

Nr. 18

12. apríl 2006

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög,
með síðari breytingum (upplýsingaákvæði).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein skal einnig gefa á vef hlutafélaga og útibúa þeirra ef til er.

2. gr.

2. málsl. 2. tölul. 153. gr. laganna orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 4. mgr. 1. gr. og upplýsingagjöf skv. 8. mgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi byggjast á upplýsingaákvæðum tilskipunar Evrópupingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtningar skyldu félaga af tiltekinni gerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007.

Gjört á Bessastöðum, 12. apríl 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2006